

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skaftárhreppur urðun Stjórnarsandur



Dags eftirlits	22.11.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Skaftárhreppur urðun	Eftirlitsmaður	
Heimili	Klausturvegur 15	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	480690-2069	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Sandra Brá Jóhannsdóttir	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	475089,819 332611,967

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit hjá urðunarstað Skaftárhrepps. Fram komu þrjú frávik frá starfsleyfi.

UMFANG EFTIRLITS

Skráningar á magni úrgangs fyrir árið 2017 hafa borist Umhverfisstofnun, tekið var við 198 tonnum til urðunar skv. skýrslu um magn úrgangs. Í eftirlitinu voru aðstæður kannaðar á urðunarstaðnum en mikið magn af timbri og brotajárni er geymt á svæðinu en heimild í starfsleyfi er til að geyma 30 tonn af timbri og 30 tonn af brotajárni. Dekkjahaugur er einnig geymdur á svæðinu en engin heimild er til þess skv. starfsleyfi. Rætt var við rekstraraðila um almenn ákvæði í starfsleyfi. Rekstraraðili hefur ekki sett sér umhverfismarkmið en sú krafa er sett fram í grein 2.1 í starfsleyfi.

Þann 5. mars sl. barst stofnuninni ábending um slæma umgengni á urðunarstaðnum. Mikið magn af timbri og brotajárni var þá komið inn á urðunarstaðinn og skipulag ábótavant.

Frávik frá

Lýsing á frávik

grein 1.2

Heimilt er að taka á móti allt að 200 tonnum af úrgangi til urðunar, kurlunar og geymslu. Magni úrgangs sem geymt er á athæfnasvæði rekstraraðila skal haldið í lágmarki og magn timburs skal ekki fara yfir 30 tonn hverju sinni og magn brotajárns ekki yfir 30 tonn hverju sinni. Magn timburs og brotajárns sem er geymt er nú yfir þeim mörkum.

Einnig er töluvert magn af dekkjum er geymt á svæðinu en engin heimild er til þess skv. starfsleyfi.

grein 2.1


Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim.

grein 4.3

Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarrein skal birgður samdægurs með þekjuefni sem kemur í veg fyrir fok, ónæði, ólykt, hættu og aðgang meindýra. Ekki hafði verið birgt yfir allar urðunarreinar. Stór hópur hrafna var þá einnig við eina urðunarrein þar sem ekki var nægilega þakið yfir við komu á urðunarstaðinn.

- 1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 07.01.2019



Einar Halldórsson

